



Aðstoð í eldhús

Heilsuleikskólinn Álfasteinn í Hörgársveit óskar eftir að ráða aðstoð í eldhús sem fyrst. Um er að ræða 50% stöðu, frá kl. 9:00 til 13:00.

Álfasteinn er 4ra deilda skóli með rými fyrir 90 börn á aldrinum 1 – 6 ára og 30 starfsmenn. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með góða samskiptahæfni. Áhugi á matargerð og heilnæmu fæði er skilyrði. Starfssvið viðkomandi er að sinna verkefnum sem næsti yfirmaður úthlutar samkvæmt skipulagi. Leitað er eftir fólki sem hefur gleði og ánægju af að starfa með börnum. **Vinnuumhverfi leikskólans er gott, nýtt húsnæði, góður starfsandi og 36 stunda vinnuvika er tekin í uppsöfnuðum dögum milli jóla og nýjárs, í dymbilviku og valkvæðum dögum/tímum yfir árið. Allt starfsfólk Hörgársveitar fær árskort í Jónasarlaug á Belamörk.**

Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Einingar-löju.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sinnir uppvaski og frágangi.
- Fylgir eftir gæðastuðlum og heilsustefnu leikskólans.
- Kynnir sér vel þá einstaklinga sem eru með ofnæmi og óþol.
- Fer eftir þrifaáætlun.
- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Sinnir þvotti ásamt matráð.
- Kostur að viðkomandi hafi setið „HACCP“ námskeið

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar nk. og skal umsóknum skilað, ásamt ferilskrá á alfasteinn@horgarsveit.is

Upplýsingar gefur Hugrún Hermannsdóttir skólastjóri og Sigríður Þorsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 460-1760, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið alfasteinn@horgarsveit.is